

**Nd.**

### 493. Frumvarp til laga

um innlenda endurtryggingu, stríðsslysaftryggingu skipshafna o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 468 með þessari breytingu:

22. gr. hljóðar svo:

Bætur fyrir stríðsslys skal greiða samkvæmt eftirfarandi reglum:

- I. a. Valdi slysið meiðslum, skal greiða hinum slasaða 10 krónur á dag, frá því að slysið vildi til, í allt að 52 vikur samtals.
- b. Valdi slysið varanlegri örorku, skal greiða kr. 22000 fyrir fulla örorku og hlutfallslega lægra fyrir minni örorku. Örorkubætur greiðast ekki fyrir minni örorku en 5%.
- c. Valdi slysið dauða, skal greiða dánarbætur sem hér segir:

	Ekkja (ekkill) kr.	Börn innan 16 ára kr.	For- eldrar kr.	Samtals kr.
Ekkja (ekkill) .....	12000	„	„	12000
— með 1 barn .....	12000	5000	„	17000
— með 2 börn eða fleiri .....	12000	9000	„	21000
— og foreldri(ar) .....	12000	„	9000	21000
— foreldri og 1 barn .....	12000	5000	4000	21000
— foreldri og 2 börn eða fleiri .....	12000	6000	3000	21000
— foreldrar og 1 barn .....	12000	3000	6000	21000
— foreldrar og 2 börn eða fleiri .....	12000	5000	4000	21000
1 barn .....	„	12000	„	12000
2 börn .....	„	17000	„	17000
3 börn eða fleiri .....	„	21000	„	21000
1 barn og foreldri(ar) .....	„	12000	9000	21000
2 börn eða fleiri og foreldri(ar) .....	„	17000	4000	21000
Foreldri(ar) .....	„	„	12000	12000

- II. Auk þeirra trygginga, sem ræðir um í b- og c-lið hér að framan, er skylt að tryggja alla skipverja á skipum 300 smálestir (brúttó) og stærri, öðrum en togurum, fyrir jafnháum upphæðum og þar segir. Skulu upphæðirnar greiddar til tryggða sjálfs eða þeirra vandamanna hans, sem bæturnar eiga að hljóta, nema þeir óski heldur, að félagsstjórnin verji þeim til kaupa á árlegum lífeyri hjá viðurkenndum tryggingarfélagum. Skerðir slíkur lífeyrir eigi önnur eftirlaun, er hlutaðeigendur kunna að eiga rétt á. Fyrir tryggingarbætur, sem samkv. þessari grein falla til barna innan 16 ára aldurs, er félagsstjórninni heimilt að kaupa barnalífeyri þeim til handa hjá viðurkenndum tryggingarfélagum, enda komi til samþykki forráðamanna barnanna.

Heimilt skal félagsstjórninni að semja við váttryggingarfélag þau, sem selt hafa lífeyri samkvæmt lögum um stríðsslysabætur, að innleysa skírteini handhöfum að skaðlausu, enda komi samþykki þeirra eða forráðamanna þeirra til.